

Reykjavík, 2. júní 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt (eftirlitsheimildir, endurgreiðsla og séreignarsparnaður), 952. mál

Arkitektafélag Íslands (AÍ) hvetur efnahags-og viðskiptanefnd alþingis til að endurhugsa fyrirhugaða lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði úr 60% í 35%.

Rök Arkitektafélags Íslands fyrir því að fara ekki út í þessar aðgerðir eru mýmörg. Augljóslega mun lækkun endurgreiðslu hefta íbúðauppbyggingu en langflestir hagfræðingar telja einmitt íbúðauppbyggingu vera lausn á rót vandans sem við stöndum frammi fyrir. Önnur augljós rök gegn lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts eru þau að svört atvinnustarfsemi mun aukast aftur þar sem fólk hefur minna á milli handanna í þeirri verðbólgu sem við búum við nú en þarf að samt sem áður að viðhalda sínum fasteignum og breyta húsnæði sökum húsnæðiseklu. Svört atvinnustarfsemi kemur niður á öllum og getur ennfremur ýtt undir fúsk sem kemur ekki bara niður á okkur fjárhagslega heldur einnig hefur það mjög slæm umhverfisleg áhrif.

Ein besta trygging fyrir nýtingu húsnæðis er að sjá til þess að viðhald sé í góðu lagi. Húsnæði sem er illa viðhaldið er ávísun á myglvandamál sem ekki er einungis mjög stórt og alvarlegt heilsufarsvandamál heldur kallar það oft á tíðum á að húsnæði verður óíbúðarhæft og í verstu tilfellum á niðurrif. Húsnæði er stærsta fjárfesting venjulegs launafólks.

Í nýútgefinni grænbók innviðaráðuneytisins um húsnæðismál sem gefin var út í apríl á þessu ári kemur skýrt fram að meðal helstu áskorana sveitarfélaga í húsnæðismálum er viðhaldspörf á eldra húsnæði. Það þarf ekki að fjalla neitt sérstaklega um Reykjavíkurborg, skólahúsnæði og myglu í þessum efnum og kostnaðinn við það. Þrátt fyrir að í grænbókinni hafi eingöngu verið fjallað um viðhaldspörf sveitarfélaganna er ljóst að viðhaldspörfin er ekki síðri á íbúðarhúsnæði almennings.

Áætlað er að byggingariðnaðurinn sé ábyrgur fyrir um 40% af heildarkolefnislosun á heimsvísu og hér á landi er síðan ætlað að 45% af kolefnisspori íslenskra bygginga komi frá byggingarefnunum sjálfum, einkum steypu. Eitt af því sem við ættum að einbeita okkur að til að bregðast við þessu er að huga mun betur að endurnýtingu byggingarefna og hætta niðurrifi. Byggingarefni úr húsnæði þar sem viðhaldi hefur ekki verið sinnt er ónothæf auðlind. Það sama má segja þegar byggingar eru það myglaðar, sbr. Íslandsbankahúsið við Kirkjusand, að það þurfi að rífa þær niður með umhverfislegu- og fjárhagslegu tjóni fyrir okkur öll.

Arkitektafélag Íslands, Grænni byggð, Efla, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs í samstarfi við HMS, Framkvæmdasýslu Ríkisins, SI og Reykjavíkurborg efndu til vinnustofu um innleiðingu hringrásarhagkerfis í byggingariðnaði í janúar sl. Þar komu saman fjörtíu áhrifamiklir aðilar úr virðisæðju

byggingariðnaðarins og var niðurstaða vinnustofunnar skýr, Ísland stendur nágrannþjóðum að baki þegar kemur að innleiðingu hringrásar í byggingariðnaði og mikilvægt að hefjast handa hið fyrsta.

Ein af niðurstöðum vinnustofunnar var mikilvægi hvata og þess að beina byggingarframkvæmdum markvisst inn í á spor hringrásar. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

- Virðisaukaskattur sé afnuminn/lækkaður við endursölu endurnýtttra byggingarefna.
- Virðisaukaskattur sé afnuminn/lækkaður á vinnu sem fer í að meðhöndla byggingarefni til endurnýtingar.

Arkitektafélag Íslands hvetur efnahags-og viðskiptanefnd alþingis að endurhugsa fyrirhugaða lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði úr 60% í 35% og halda endurgreiðslunni í amk 60%. Lækkun endurgreiðsluhlutfallsins, sér í lagi með svo stuttum fyrirvara, mun valda tjóni fyrir byggingariðnaðinn og draga úr uppbyggingu húsnæðis og viðhaldi. Í raun hvetjum við efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis að taka málið einu skrefi lengra og afnema/lækka vsk á endursölu endurnýtttra byggingarefna og afnema/lækka vsk á vinnu sem fer í að meðhöndla byggingarefni til endurnýtingar og vinna þannig saman að betra samfélagi fyrir okkur öll.

Virðingarfyllst f.h. Arkitektafélags Íslands



Gerður Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri Arkitektafélags Íslands